

Ísafjarðarbær
Axel Rodrigues Överby
Byggingafulltrúi
Hafnarstræti 10
400 Ísafjörður

13. mars 2018
MÍ201803-0035/ 6.10 / S.B.

Efni: Umsögn vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Úlfsá í Ísafjarðarbæ

Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar varðandi fyrirhugaða virkjun í Úlfsá í Ísafjarðarbæ, samanber tölvupóst dagsettur 7. mars 2017. Með tölvupóstinum fylgdi loftmynd með fyrirhuguðu framkvæmdasvæði ásamt stuttri greinargerð.

Um er að ræða svokallaða sírennslisvirkjun, þannig að ekki er þörf fyrir uppistöðulón. Verkið fellst í gerð stíflu fyrir inntaksstöð, pípu frá inntaksstöð að stöðvarhúsi, þar sem rafmagnsframleiðslan fer fram, ásamt vegagerð að báðum endastöðvum framkvæmdarinnar. Pípulögnin er að mestu lögð eftir veglínu Ísafjarðarvegar.

Megnið af framkvæmdasvæðinu hefur áður verið kannað með tilliti til hugsanlegra fornleifa. Það ver gert vegna lagningar rafstrengs á milli Skutulsfjarðar og Önundarfjarðar (Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra breytinga á Ísafjarðarlínu í Skutulsfirði og Önundarfirði*, Náttúrustofa Vestfjarða ágúst 2014). Samkvæmt þeirri úttekt er engar minjar að finna á þeim hluta framkvæmdasvæðisins sem kannaður var. Örlítið vantar upp á að allt fyrirhugað framkvæmdasvæði nú hafi verið kannað. Þar stendur út af um 500 metra kafli austur frá inntaksstíflunni og rafstöðin sjálf. Þó hverfandi líkur séu á að þar sé minjar að finna vill Minjastofnun Íslands skoða það svæði áður en til framkvæmda kemur.

Að öðru leiti gerir stofnunin ekki athugasemdir við framkvæmdina en vill minna á 24. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012, þar sem segir:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Verkefnisstjóri
fornleifarannsóknna
Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 20
(354) 865 99 42

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sigurður Bergsteinsson
Rannsóknar- og
miðlunarsvið
sigurdur@minjastofnun.is

Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr

Virðingarfyllst,



Sigurður Bergsteinsson
Rannsóknar- og miðlunarsvið

Afrit sent: Skipulagsstofnun skipulag@skipulag.is